

Fundargerð

Föstudaginn 7. júní, 2019, kl. 15:00 - var haldinn fundur í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún.** Fundarstaður var Hnjúkabyggð 33 á Blönduósi. Á fundinn voru mætt eftirtaldir aðilar: Halldór G. Ólafsson, formaður, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson. Valdimar ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta funda.

Fundargerð frá stjórnarfundum dags., 19. mars 2019, var undirrituð en hún hafði áður verið sendar út og samþykktar með tölvupósti.

2. Ferðamálafulltrúi A-Hún.

Fyrir fundinum lá „**Tímabundinn samningur**, um rekstur og umsjón með **Upplýsingamiðstöð A-Hún.**, og önnur þau verkefni sem því fylgja.“ sem gildir frá 1. maí 2019 til og með 31. ágúst 2019, á milli BMA, og Vötnin Angling Service (VAS), sem framkvæmdastjóri hafði gert í umboði stjórnar, eftir umræðu á síðasta stjórnarfundum. Miklar umræður urðu um hvort, og þá hvenær og með hvaða hætti, ætti að ráða ferðamálafulltrúa A-Hún., og hvort mætti þróa starfið frekar. *Samþykkt var að kanna með möguleika á áframhaldandi samningi, t.d. til eins árs, á meðan ákveðið væri með fyrirkomulag starfsins.*

3. Textílmíðstöð Íslands, þekkingarsetur á Blönduósi.

Valdimar upplýsti um stöðu mála, er varðar stöðu verkefna og áherslur, en einnig veikindi, sem eru nýlega komin til, en óljóst væri með þróun þeirra. Athuga með að gera úttekt á húsnæði, og áætlun um kostnað og rekstur. Skoða þarf betur með mögulega nýtingu á nýuppgerðu húsnæði að Árbraut 33., en þar vantar allan húsbúnað. *Rætt var um hvort það ætti að skoða tímabundna leigu á Árbraut 33.* Málin verða rædd áfram, á næsta stjórnarfundum, og þá einnig með aðkomu forstöðumanns, og/eða fulltrúa úr stjórn Textílmíðstöðvar.

4. Verkefni og áherslur BMA, á árinu 2019 (síðari hluti)

Rætt var um hlutverk og áherslur BMA, næstu ár, og hvort tilefni væri til áherslubreytinga í starfseminni, eða hafa óbreytt áfram. Umræðan tengist m.a. lið nr 2., og hvort leggja ætti meiri áhreslu á atvinnumál, almennt, þar sem ferðamál og ferðaþjónusta er nú að verða vaxandi atvinnugrein á starfsvæði BMA.

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

5. Önnur mál:

- Ársreikningur 2018 – hefur dregist að fá frá KPMG, en mun liggja fyrir fljótlega, og mun þá verða tekin fyrir á næsta fundi stjórnar.
- Rætt almennt um atvinnumál í Austur- Húnavatnssýslum.
- Framkvæmdastjóri mun senda samþykktir byggðasamlagsins á stjórn, fyrir næsta stjórnarfund, m.a., í ljósi umræðu á fundinum.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundu slitið kl. 16:25-
